

SAURBÆJARÁ Á LANGANESSTRÖND

- virkjunaraðstaða -

13. sept. 1962

S. Rist.

Virkjunaraðstaða við Saurbæjará á Langanesströnd.

Hinn 13 sept. 1962 mældum við Þórður Sigfússon fyrir virkjun í Saurbæjará hjá Saurbæ og Hellulandi á Langanesströnd. Sigurbjörn bóni Þorsteinsson á nýbylinu Hellulandi hafði óskað eftir rannsókn á virkjunar-aðstöðu.

Saurbæjará.

*Sjí  
keft  
fyr  
26/27*

Áin er dragá, en jöfnuð nokkuð af tjörnum og myraflóum í heiðalandi. Vatnsvíðið er  $33 \text{ km}^2$ . Samkvæmt samanburðarmælingum við nálaegtvatnsföll sem eru mæld, fæst meðalrennslið  $1,7 \text{ kl/s}$ . Nú 13. sept. var rennsli ~~0,36~~  $0,30$  kl/s. Sumarið hefur verið fremur úrkomusamt, en engin veruleg úrfelli næstu daga á undan rennsismælingunni. Á si. vetrí, rétt áður en vorleysing hofst gerði Sigurbjörn mælingu á vatninu samkvæmt forskrift minni, þó voru að minnsta kosti ~~0,300~~  $0,300$  kl/s í ánni (þ.e.a.s. ~~300~~ lítrar á sekundu). I 75% tímar (þ.e. 9 manuði á ári) mun hún vera ~~0,5~~  $0,5$  kl/s og þar yfir. Rennslið mun vart fara undir ~~200~~ lítra í sekundum nema þá einstöku daga er snjó skefur í hana og hindrar rennslið.

Grjót og sandburður er lítill í ánni. Mýrarauði leggst á steina og sandurnar ekki til að slípa hann burt. Engu að síður er ástæða til að hafa flóögátt til skolunar í inntaksstíflu rafstöðvar þegar til kemur.

Áin er lengst af undir ísi á vetrum. Það er þó langt í fra að vetraríki sé mikil á Langanesströnd, hafáttin er fremur mild á vetrum. En haga verður virkjun árinnar þannig að gengið sé út frá að inntak verði undir ísi á vetrum.

Áin ryður sig stöku sinnum með allmiklu jakagangi. Erfitt er að gera sér grein fyrir hve rennslið verður mikil í starstu flóogusunum, en ætla má að það sé af starðargráðunni 25-30 kl/s sýo að ætla verður ánni 15 metra yfirfall og röskun 1 m. á dypt fram um rafstöðvar stíflu.

Staðhættir.

Við smá lónapoll í ánni niður hjá sjávarkambi var steinn merktur með bláum lit. Frá nefndum steini og upp að hyl neðan við foss í ánni eru 95 metrar. Vatnsborð fosshyls er 2,4 metra yfir vatnsborði lónapolls.

Það orkar ekki tvímselis að frárennsli vantanlegrar rafstöðvar skal koma út í sögröri í nefndum hyl. Spölkorn upp frá fossinum er aði brattur og breiður flúðastrengur, nánar tiltekið um 60 metrar en þar fyrir ofan er halli árinnar til muna minni. Lengdar- og hallamæling upp með ánni gaf eftirfarandi:

Staður	Vegalengd	Hæð
	m.	m.
Hylur	0.....	0
Merki 1, fossbrún	0.....	1,62
Merki 2 (v.borð)	22.....	4,45
Merki 3 (v.borð)	36.....	6,29
Merki 4 (v.borð)	57.....	7,23
Stíflustæði v.b.	59.....	7,27
Merki 5 (v.borð)	66.....	7,41
Vatnsborð við brú	135.....	8,97
Bruárbitar	135.....	11,34

#### Rafstöðvarhús.

Eins og áður er sagt orkar ekki tvímselis að húsið skal staðsett við fosshyllinn. Fjórar ástæður mæltu gegn því að húsinu yrði valinn staður norðan ár, en þær eru:

- 1) Sigurbjörn á ekki land þar.
- 2) Mikil fonn safnast í hvamminn .
- 3) Lengir leið til gæzluvéla.
- 4) Lengir heimtaug.

Tveir staðir austan ár koma til greina.

- A) Við hyllinn neðan verðan. Þá yrði aðrennslispípa uppi á bakkanum með fram hylnum. Kostur við þessa leið og staðsetningu, stöðvarhús og sípa er ekki í hættu af völdum jakaruðnings árinnar. En margt mælir á móti honum.
- 1) Vatnsvegur 83 m. þ.e.a.s. röskun 20 metrum lengri en við hina staðsetninguna, sem hér á eftir verður merkt B.
  - 2) Vart tök á að hafa jöfnunarþró uppi á bakkanum, því að þar er bakkinn 60 cm. undir vatnsborði við stífluborðið og djúpt niður á fast.
  - 3) Vinna við grunn að rafstöðvarhúsi og frágangur á sögröri tvímslalaust dýrari en á hinum staðnum, sem nú skal greina.
- B) Á fossbrúninni og gangi húsið að nokkru inn í hægri bakkann. Kostir þessarar staðsetningar eru.
- 1) Vatnsvegur sá styttstí sem völ er á, aðeins 59 metrar plus sogrör.
  - 2) Stöðvarhús á traustum grunni.
  - 3) Nægilegt dýpi við sogrör, sem gengur beint niður í hylinn og engin hætta á að möl berist að því.

Ókostur við þessa tilbögur er að í miklum vatnavöxtum getur aín náð til pípulínunnar og stöövarhússins.

Brátt fyrir þennan ókost ráðlegg ég eindregið þessa tilhögur. Nálegt helmingur breiddar stöövarhússins gangi inn í bakkan, sprengt frá því ef með þarf. Aðrennslispípa komi fast upp við grasbakkann. Stórgryti skal komið fyrir ármegin við pípuna steypt þar fast, pípunni og húsinu til varnar.

### Stífla.

lensd

Stíflustæðið var merkt: Hell í eystri bakka en símastaur er í þeim nyöri. Ðýpi í inntaksþró þarf að vera allt að 2,0 m., svo að truflanir af völdum ísa verði sjálgsfar. Stíflustæðið er klöpp. Ef hæðin á yfirfall er 2,0 m. verður tengd stíflunnar alls röskir 30 m. Að austan talið örlítill jaröstíflustúfur þá stífluvængur, inntaksþró, þá 1 1/2 m. flóögatt, þá lm stöpull, því næst 15 til 18 m yfirfall, stífluvængur og loks jaröstífla. Slík stífla á þessum stað mun gefa inntakslon um 1600 m<sup>3</sup> að starð. *yfir*

Í flóögáttinni skulu vera lágrétt tré t.d. 6"x6". Þegar hún er opin og rennslið svipað og það var 15. sept. '62. yrði vatnsdýpi í henni 50-60 cm.

### Heimtaug.

Frá rafstöð og heim að íbúðarhúsum eru 260 metrar, jafnlendi, í um 100 m. fjarlagð fra rafstöð kemur heimtaugin til að liggja á milli fjarhusa, 30 og 50 m. erufrá heimtaug að hlöðu fjarhusanna en þar er hey nú þegar súgburrkað.

### Starð rafstöðvar.

Sigurbjörn óskar að koma upp rafstöð fullnagjandi fyrir tvö heimili þar með talin upphitun og jafnframt til súgburrkunar í tveim til þremur stórum hlöðum. Aðstaðan við Saurbæjará leyfir slikt.

Eins og áður er sagt er vatnsborð fosshyls 2,4 m. yfir lónapollí. Jarðýta mun geta grafið niður frárennslið úr fosshylnum óvarlegt að reikna með meir en hálf metra lækkun. Sigurbjörn hyggst vinna þetta í haust.

### Fallhæðin yrði þá þessi:

0,5 m.	unnin neðan fosshyls
7,5 "	núverandi fall stíflust-fosshydrur
<u>2,0 "</u>	stífla
9,8 m.	brúttó fallhæð

*5; i 10 m Fr G/27*

Í langvinnum frostum eða sumarþurrkum má gera ráð fyrir að rennsli árinna fari niður í 200 litr/sek, samanber það sem sagt er hér að framan, en þá ætti rafstöðin með 9,8 m. falli að gefa 10 - 11 kW. P.e.a.s. stöðin þarf að skila góðri nýtni miður að 200 litr/sek en vinnusvið hennar að öðru leyti þar fyrir ofan.

### Vegir:

Sigurbjörn hyggst nú í haust þurrka landið og gera veg frá

þjóðveginum og niður bakkann austan ár að stíflustæði og  
stöðvarhússtæði. Ennfremur er ráðlegt að gera a.m. jeppa  
og dráttavélafæraran veg frá bæjarhúsum hina skemmstu leið  
a virkjunarstað.

Hellulandi 13. sept. 1962.

Sigurður Þist



Yfirlitsmynd:

Tekin frá stíflustæði.

Pípustæði til hægri.

Húsi ætlaður staður, þar sem  
menn standa niður við fossbrún.

Þá fossshylur, 94 m langa eyrin  
(hólminn) og lónapollur niður við  
sjávarkamb.



Hússtæðið: Mynd tekin til austurs.

Ath. Menn standa í hússtæðinu.



Stíflustæði:

Myndin tekin til vesturs

Ath: Menn austan ár standa  
í stíflustæðinu.  
Símastaur norðan ár er  
í stíflustæðinu.

Rust: Neðan við brú.

Raforlumálistið.

Vatnsmálning  
SAURBEJARA, FINNAFJÖRDUR:  
Rennslismæling 24./2. '63

25.2.63 s. Rist

Ahr. 1

Vhm. 26

Fnr. 6127

Rennslismælinguna gerðu: S. Rist, Sigurbjörn Órsteinnsson og  
Björn Einarsson fró Helluland.


Rennslismælist. lagður 3 menn í 2 klst. = 6 vinnustundir

Mmliaðferðir: Flotholtsaðferð og skermaðferð.

Breidd þversniða 170 cm. Lengd rennu 150 cm.

Sérhverjur 25 cm í breidd athugaðir sérstaklega.

Straumhr.



$$Q = 0,1 \times 0,1 \times 1,7 \times 0,125 \times 62,8 = 781 \text{ l/s}$$

$$\text{Skekjkumörk } Q = 781 \text{ l/s}$$

Rennslismæling gerð eftir langvinnfrost og lítið úrfelli  
Neysluvatnsskortur viða í nágrenninu.

Með hliðsíðan af nessari athugun telja vatnsmælingar.

200 l/s á bls. 3 í skilagrein nr. 246 dags. 13 sept. s.l. of hátt mark.

Ain fer vafalaust niður í 100-120 l/s é hverjum vetri við eðlilegt og  
ótruflað rennsli

25/2. 1963

S. Rist